

**Tillaga að lagabreytingu við lög GHG
lögð fram á aðalfundi GHG 2025
breyting á 7.grein**

7.gr. – Nefndir

Núverandi 7. grein er svohljóðandi

Á vegum stjórnarinnar skulu að jafnaði starfa eftirfarandi nefndir:

Vallarnefnd.

Mótanefnd.

Forgjafa- og laganefnd.

Barna- og unglinganefnd.

Kvennanefnd.

Í hverri þessara nefnda skulu vera 3-5 nefndarmenn. Nefndir skulu starfa samkvæmt sérstakri starfslýsingu sem stjórnin setur.

**Lagt er til að Forgjafa- og laganefnd verði lögð niður,
einnig er lagt til að Uppstillingarnefnd komi ný inn í lögin**

og mun þá 7. grein vera svohljóðandi,

Á vegum stjórnarinnar skulu að jafnaði starfa eftirfarandi nefndir:

Vallarnefnd.

Mótanefnd.

Barna- og unglinganefnd.

Kvennanefnd.

Uppstillingarnefnd

Í hverri þessara nefnda skulu vera 3-5 nefndarmenn. Nefndir skulu starfa samkvæmt sérstakri starfslýsingu sem stjórnin setur.

Skýring

Eftir að nýtt forgjafarkerfi kom til sögunnar 2020 og allt skor leikmanna skráð inn í GolfBox, þá hefur starf forgjafarnefndar lagst niður.

Allar tillögur að lagabreytingum sem leggja á fyrir aðalfund eiga að koma inn á borð stjórnar samkvæmt lögum félagsins og mun þá stjórn auglýsa þær með aðalfundarboði, þ.a.l hefur laganefnd í raun ekkert hlutverk.

Hlutverk Uppstillingarnefndar er að leggja fram tillögur á aðalfundi um frambjóðendur til stjórnar og annara embætta sem kjósa skal um hverju sinni samkvæmt lögum GHG. Skulu tillögur nefndarinnar liggja fyrir eigi síðar en 15. nóvember ár hvert.